

Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla

16. febrúar 2015 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, Ingibjörg B. Bjarnadóttir og Smári Þorbjörnsson kennarar, Bryndís Jónsdóttir og Agnes Gunnarsdóttir fulltrúar foreldra, Lilja Hrönn Hrannarsdóttir og Kristófer Ingi Maack fulltrúar nemenda, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Stefna í málefnum Dægradvala. Lögð voru fram drög að stefnu í málefnum Dægradvala til umræðu og samþykkis. Stefnuna unnu Anna Birna Snæbjörnsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir á menntasviði Kópavogs auk skólastjóranna Guðrúnar Soffíu Jónasdóttir í Vatnsendaskóla, Sigrúnar Bjarnadóttur í Álfhólsskóla og Magneu Einarsdóttur í Snælandsskóla. Búið er að leggja drögin fyrir bæjarstjórn og reikna út kostnaðarauka. Meðal breytinga sem verða er að forstöðukona verður í fullu starfi, eingöngu sem stjórnandi en ekki með hóp. Unnin verður starfsáætlun sem kynna á foreldrum. Innra starfið verður þannig rammað inn með starfsáætlun. Hugmyndir eru uppi um að klúbbar verða settir á laggirnar fyrir nemendur 3. og 4. bekkja. Hlúa þarf að starfsfólki og bjóða upp á símenntun svo að okkur haldist á starfsfólki lengur en einn vetur.

Rætt var um að fólk hefði áhyggjur af því að starfsfólk fylgdist ekki nógu vel með ef börnin væru send of snemma/seint heim eða viti ekki hvar börnin eru á hverjum tíma. Skráningarkerfi mætti bæta svo það sé skýrt hver á að vera hvar eða fara hvert.

Rætt var um að sumardvölin væri góð viðbót við starfið. Börnin þekktu umhverfið í upphafi skólaársins og væru öruggari með sig. Rætt var um námskeið fyrir starfsfólk í upphafi ráðninga og hvernig staðið væri að nýliðabjálfun. Haldnir hafa verið sameiginlegir fundir með starfsfólki í Dægradvölum annarra skóla og þroskabjálfi hefur haldið kynningar á greiningum og röskunum sem nemendur kunna að hafa.

Ánægja var með facebook-síðu skólans.

2. Spjaldtölvuvæðing grunnskólanna. Lilja Hrönn sat kynningar á vegum menntasviðs Kópavogs um hin ýmsu gerðir spjaldtalva og sagði stuttlega frá upplifun sinni. Ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um hvaða tæki verður valið.

Í framhaldi var rætt um mentor og föstudagsbréf og að gott væri að allir kennarar settu heimanámið inn á mentor.is sem og kennsluáætlanir líka. Kristófer benti á að flestir kennarar á unglingastigi notuðu moodle fyrir netnámið og það væri flókið að þurfa að fara bæði inn á mentor og moodle.

3. Önnur mál

a) **Teikningar af nýju íþróttahúsi lagðar fram til skoðunar.**

Fundi slitið kl. 9:40